lega tiltekizt, að fyrir þeim hafi drepizt hestar á póstferðunum, þá er þetta nokkuð, sem ávallt má við búast að komi fyrir, og ráð fyrir því gjört, þegar samið er um borgunina fyrir póstferðirnar, og eru slík óhöpp því póstsjóðnum fullkomlega óviðkomandi, og það því fremur, sem ekki verður fyrir það tekið, að kenna megi hjer að nokkru leyti vangá hlutaðeiganda sjálfra um að hestarnir drápust. Jeg treystist því eigi til að veita þeim úr landssjóði hið umbeðna endurgjald eða skaðabætur fyrir tjón þeirra, og bið jeg yður tilkynna það hlutaðeigendum. 25 25. febr.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um greiðslu fjárkláðakostnaðar.** — Eptir að hafa meðtekið þóknanlega umsögn yðar, herra amtmaður, í brjefi 17. sept. f. á., um kæru hreppsnefndarinnar í Helgastaðahreppi yfir úrskurði yðar 27. maí f. á., er skyldar tjeða hreppsnefnd til að greiða úr hreppssjóði kostnað samkvæmt tilskipunum 5. jan. 1866 og 4. marz 1871 við fjárskoðanir og niðurskurð á fje, útaf fjárkláða vorið 1884 í Helgastaðahreppi, að upphæð samtals 225 kr., skal yður hjermeð til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg fæ ekki betur sjeð, en að skilja beri svo ákvörðunina í 3. gr. tilskipunar 5. jan. 1866, um greiðslu kostnaðar þess, sem hjer um ræðir, að hann sje, einsog hreppsnefndin í Helgastaðahreppi heldur fram, óviðkomandi hreppssjóðnum, en *sýslumaður* á að jafna honum niður á alla fjáreigendur í hverjum hrepp og heimta hann saman á manntalsþingum ásamt manntalsþingsgjöldunum, og þó að svo sje kveðið á í tilskipuninni, að niðurjöfnun kostnaðarins *á alla fjáreigendur í hverjum hreppi*, eigi að gjöra «eptir reglum þeim, sem gilda um dýratolla», þá er það hvorttveggja, að með þessum reglum um dýratolla er átt við þær reglur, sem þá voru almennt gildandi, þegar tilskipunin kom út, enda gæti breyting á þessari *nánari* ákvörðun um niðurjöfnunina, að hún átti að gjörast eptir reglunum um dýratolla, eigi haft í för með sjer breyting á þeirri aðalákvörðun um niðurjöfnunina, að hún átti aðeins að snerta fjáreigendur í hreppnum sem slíka og að *sýslumaður* átti að innheimta kostnaðinn á manntalsþingum. 26 26. febr.

Jeg skal þessvegna þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að hlutast til um innheimtu optumgetins fjárkláðakostnaðar á þann hátt, er nú hefir sagt verið.

Brjef landshöfðingja um hallærislán handa Dalasýslu. — Með brjefi þessu var sýslunefndinni í Dalasýslu veitt 3000 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í sýslunni, þannig að lán þetta ávaxtist með 4 % á ári og endurborgist með 1/8 árlega á 8 árum eða á þann hátt, er alþingi síðar kann að ákveða. 27 27. febr.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um birtingu á framlagning skattaskráa o. fl.** — Með þóknanlegu brjefi 19. jan. þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá hjeraðslækni Guðmundi Guðmundssyni, þarsem hann spyrst fyrir um: 28 1. marz

1, hvort honum sje ekki heimilt, að bera upp kæru útaf tekjuskatti þeim, sem honum er gjört að greiða, þó hinn lögákveðni tími sje liðinn, þegar hlutaðeigandi skattanefnd hefur vanrækt að birta á kirkjufundi, hvar skattskráin liggi til sýnis; og

2, hvort skattanefndinni sje ekki skylt að láta honum í tje skýrslu um hvernig hún